GRAS- OG TORFTEGUNDIR

TORF

Svona gerum við

Túnþökuvinnslan ehf., Guðmundur Þ. Jónsson, garðyrkjufræðingur, GSM 894 3000 , Vatnsendabletti 226, 200 Kóp.

1a ÞÖKULAGNIR

A. Undirbúningur
Afmarkið svæðið fyrir grasflötina. Metið halla og þörfina fyrir framræslu. Ákjósanlegast er að grasflötinni halli ögn frá húsi og stéttum. Oftast er nóg að hafa á henni vatnshalla út að beðum við lóðamörk. En sé vatnsagi mjög mikill í lóðinni verður að grafa niður dreinbarka til að taka við vatninu og leiða það burt. Aðgætið hvort fjölært rótarillgresi sé til staðar í lóðinni. Af því tagi eru skæðust húsapuntur, hófífill, þistlar, sigurskúfur og vallhumall. Ef slíkar jurtir finnast, borgar sig að gefa sér tíma til að eyða þeim með örgresisefnum (t.d. Roundup) áður en hafist er handa við gerð grasflatarinnar.

B. Undirvinna
Metið jarðvegsástand. Ef jarðvegurinn er mjög þéttur og grýttur verður að losa hann upp og grjóthreinsa niður á a.m.k. 30cm dýpi. Jafnframt er gott að bæta í hann dálitlu af morkinni mýramold og búfjáráburði. Sé jarðvegurinn hinsvegar hrein mýramold þarf að bæta í hann sandi. Eitt bílhlass á hverja hundrað fermetra er nærri lagi.
Stingið jarðveginn upp eða tætið með garðtætara og blandið um leið 50 kílóum af dólómítkalki og 5 kílóum af þrífosfati í moldina miðað við hverja hundrað fermetra. Ef einhver lífrænn áburður er við hendina, svo sem búfjáráburður eða fiskimjöl er upplagt að bæta honum líka við í jarðvinnslunni.

C. Fínvinna
Gangið frá moldaryfirborðinu. Jafnið það og gerið slétt. Gott ráð er að draga tréstiga flatan yfir moldina (kjálkar niður - þrep upp!). Við það fyllast lægðir og dældir betur en ella. Troðið yfirborðið nokkrum sinnum með fótunum og um leið er best að raka það og hreinsa burt alla smásteina sem ekki smjúga gegnum hrífutindana. Troðningurinn er til þess að þjappa moldina mátulega. Valtarar eru viðsjálverðir og gera ekki sama gagn!

D. Pantið þökurnar
Mælið flatarmál svæðisins sem þekja á og reiknið með að 5% í viðbót þurfi í afskurði við lokasnyrtingu og frágang á grasflötinni. Haganlegast er að panta þökurnar með nokkurra daga fyrirvara og fá þær afhentar beint í garðinn á þeim degi sem ætlaður er fyrir þökulögnina. Grasþökur eru „ferskvara“ sem þolir ekki margra daga geymslu í bing.

E. Þökulögnin
Rakið léttilega yfir svæðið áður en þökulögnin hefst til þess að þökurnar fái hreinan snertiflöt við moldina. Vel hefur gefist að sáldra fiskimjöli eða þurrkuðum hænsnaskít yfir moldina í leiðinni. Slíkt flýtir mikið fyrir því að þökurnar

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

1b ÞÖKULAGNIR

rótfestist. Best er að byrja þökulögnina við fastan kant, t.d. gangstétt eða vegg og leggja frá húsi út til jaðranna. Leggið þökurnar langsum, hlið við hlið og enda í enda. Gætið þess að þjappa þeim ekki of nærri hverri annarri og einnig er mikilvægt að jaðrar skarist ekki. Endasamskeytin eiga að víxlast um hálfa þökulengd í hverri færu líkt og múrsteinar í vegg. Þannig er haldið áfram, færu af færu, uns fullþakið er.

F. Frágangur
Að lokum eru kantar skornir til og snyrtir. Til þess er best að nota kantskera. Svokallaðir hálfmánar koma sér vel þegar skorið er frítt og í sveigðar línur en þríhyrndir kantskerar eru þjálli fyrir byrjendur og henta ágætlega þegar línur eiga að vera beinar. Beinar línur er best að skera eftir strengdri snúru. Eins má nota langt borð og skera meðfram kanti þess.
Sveigðar línur er einfaldast að forma eftir vatnsfylltri garðslöngu sem látin er liggja á jörðinni í þeim sveigum sem ætlað er.

G. Eftirvinnan
Til þess að þökurnar taki sig og grói saman fjótt og vel er nauðsynlegt að sáldra ríflegu sandlagi yfir alla nýju grasflötina og sópa því rækilega ofan í öll samskeyti og misfellur sem kunna að finnast.
Að öllu eðlilegu ætti eins sentimetra þykkt lag af sandi að hverfa eins og dögg fyrir sólu ofan í grassvörðinn. Vinnið sandinn niður, hægt og rólega fram og aftur með grófum strákústi eða hrífuskalla (snúið tindunum upp) þangað til hann er að mestu horfinn niður í grasið.
Rakið síðan rösklega yfir grasflötina með fjaðrandi hrífu. Best er að nota til þess laufhrífu. Þær fást ýmist úr stáli eða plastefnum. Við þennan lokarakstur ýfist grasið upp og mosi og annað rusl sem alltaf getur leynst í þökum, hversu góðar sem þær annars eru, kemur upp á yfirborðið og er fjarlægt um leið. Þar með ætti það að vera úr sögunni í eitt skipti fyrir öll.
Að rakstrinum loknum þarf að vökva ríflega svo að þökurnar rennblotni. Þá þyngjast þær og falla betur að moldinni og ræta sig á nokkrum dögum.

H. Framhaldið
Þegar þökurnar eru orðnar rótgrónar og grasið hefur sprottið upp í 10 sentimetra hæð þarf að slá í fyrsta sinn. Takið þessu rólega og sláið í tveim umferðum. Stillið sláttuvéina á hæstu stillingu í fyrri umferðinni en lækkið hana í miðstillingu í seinni umferð. Rakið vel eftir sláttinn.
Eftir fyrsta slátt er gott að gefa um 1,5 til 2 kíló af GRASKORNI á hverja hundrað fermetra og síðan má halda slíkri áburðargjöf áfram við þriðja hvern slátt fram í miðjan ágúst. Eftir þann tíma er ekki hægt að ráðleggja áburðargjöf og slætti skal hætt um 1. sept.

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

2

HVÍTSMÁRATORF

Lýsing: Ríkjandi grasgerð í hvítsmáratorfinu er smágerður túnvingull. Grastegundin er frekar þurrkþolin og með minni áburðarþörf heldur en önnur grös. Ræktuð á sendnum jarðvegi ætlað svæðum þar sem menn vilja bera lítið eða ekkert á . Grasið verður ekki eins dökk grænt og vallarsveifgrasið en hefur allt aðra eiginleika.

Fullvaxið verður grasið 20-30 sm, en það ræðst af því hvort sé borið á það eða ekki. Hvítsmári kemur jafnvægi á næringarbúskapinn í jarðveginum. Hvítsmáratorfið er ræktað fyrir aðrar þarfir en garðagrasið. Hvítsmáratorf hentar á brekkur og hljóðmanir eða svæði sem eru millistig milli náttúrulegs svæðis og ræktaðs. Ef fólk horfir á hljóðmanir í þurrkatíð þá er hvítsmárinn það eina sem er grænt. Þessi þökugerð hentar ekki á grasflöt með miklu álagi og umgangi. Hvítsmárinn þolir ekki mikið traðk, en myndi hann þola venjulega umgengni.

Sláttuþörf: Ef grasflötin er látin vera óslegin þá blómstrar hvítsmárinn yfirleitt í júlí og er í blóma 3-4 vikur. Að lokinni blómstrun þá þarf að slá flötina og hreinsa af henni. Sé það gert þá blómstrar smárinn aftur í lok ágúst og stendur í blóma eitthvað fram eftir september. Hvítsmárinn ilmar einstaklega vel. Ef slá á flötina eins og hefðbundna grasflöt þá ætti að stilla sláttuvélina í efstu stillingu ekki lægra en 6-7 sm. Slá á 2-3 vikna fresti á þann hátt myndi hvítsmárinn ná að blómstra allnokkuð.

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

3

GARÐAGRAS

Lýsing: Garðagrasið er uppbyggt á svipaðann hátt og vallargrasið. Í garðagrasinu eru vallarsveifgrös ríkjandi ásamt smágerðum túnvinguli. Vallarsveifgrösin í garðagrasinu eru það sem að allt snýst um, ef það kemur eitthvað fyrir grasið þá loka þau sárunum og þá gróa þau saman og gera við sig sjálf. Einkennandi eiginleiki þessarar grastegundar er að hún fjölgar sér með jarðreglum sem leita í ljósið og búa til nýja einstaklinga. Einnig eru þessi grös einstaklega mjúk viðkomu og gott að ganga berfættur á þeim eða liggja í sólbaði. Þessa grastegund vantar oftast í þökur. Garðagrasið hefur dökkgræna og fínlega áferð.

Garðagrasið er sérhannað fyrir hefðbundnar grasflatir við íbúðahús, sumarbústaði og stofnanir og fyriritækjalóðir. Garðagrasið hefur ekki alveg sama slitþol og vallargrasið þar sem grösin eru öll smærri og fíngerðari. Þetta er engu að síður næst sterkasta grasblandan okkar hvað varðar slitþol. Garðagrasið gefur fíngerða og fallega áferð á grasflötina. Vex minna heldur en vallargrasið og er sérhannað fyrir fallega heimagrasflöt. Viðhald garðagrasanna felst í hæfilegri áburðargjöf sem gefin er í litlum skömmtum með jafnri dreifingu 3-4 sinnnum yfir sumarið á þann hátt hlst dökkgrænn litur á grasflötinni allfaf. Vallarsveifgrösin lifa og dafna vel. Þau verja sig vel gegn mosa og öðru illgresi. Í hefðbndnum túnþökum eru alltaf miklu gerófari grös oftast voru þær notaðar til fóðurræktunar og túnin orðin gömul þegar torfið er skorið. Varast skyldi að kaupa túnþökur af gömlum túnum. Ræktunin á ekki að vera meira en 3-4 ára.

Sláttuþörf: Vikulegur á aðalvaxtartímanum fer eftir áburðamagni. Grasflötina má slá niður í 3-5sm. Æskilegt er að láta grasið ekki vaxa meira en það að slegið sé 1/3 af blaðinu.

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

4

SKUGGAGRAS

Lýsing: Í þetta torf eru valdar sérlega skuggþolnar grassortir, sem eru auk þess áferðafallegar og fíngerðar. Rannsóknir hafa sýnt að grösin sem þola skuggann best eru smágerður tínvingull, língresi og grófari gerðir af vallarsveifgrösum. Litur torfsins er dökkgrænn grænna verður gras varla. Smárúllur og stórar rúllur eru skornar af sérræktuðum ökrum.

Notkun: Þetta torf hentar á skuggsælar lóðir þar sem sólar nýtur ekki nema part úr degi, þar sem áhersla er lögð á gróskumikinn gróður og góða umhirðu.

Sláttuþörf: Best er að slá skuggagras sem næst vikulega í 4-5 sm sláttuhæð. Aldrei skal slá meir en 1/3 af heildarhæð grassins í einu.

Svona gerum við

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

5

VALLARGRAS

Lýsing: Þökur eða rúllur eru skornar af sérræktuðum ökrum, þar sem að vallarsveifgrösin eru einkennandi ásamt túnvingul. Sérvaldar eru grassortir sem að henta okkar aðstæðum og verða plönturnar því áferðafallegar, kröftugar og fínlegar með dökkgrænu yfirbragði. Þessi grasblanda þolir mikið álag og myndar sterkan grassvörð, allt gert til að skila hámarksendingu grasa á vellinum.

Vallargrös eru ræktað á fíngerðum sandmoldarjarðvegi sem loftar hæfilega um heilbrigt og sterkt rótarkerfi plantnanna. Þessi þökugerð hentar vel í garða, skrúðgarða og á skólalóðir eða á grassvæði sem eru undir miklu álagi og þar sem vilji er fyrir þéttum og glæsilegum grassverði eins og á knattspyrnuvelli. Þegar að við afhendum þessa nýjung okkar þá er grasið í góðu ástandi og laust við allan mosa. Það er slegið í 3-5 sm sláttuhæð og lítur út eins og vel hirt grasflöt þegar búið er að leggja torfið.

Sláttuþörf: Boltasvæði þarf að slá oft og jafnvel á 5 -7daga fresti.

Svona gerum við

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

6

VALLARGRASÞÖKUR

Lýsing: Þökur eða rúllur eru skornar af sérræktuðum ökrum, þar sem að vallarsveifgrösin eru einkennandi ásamt túnvingul. Sérvaldar eru grassortir sem að henta okkar aðstæðum og verða plönturnar því áferðafallegar, kröftugar og fínlegar með dökkgrænu yfirbragði. Þessi grasblanda þolir mikið álag og myndar sterkan grassvörð, allt gert til að skila hámarksendingu grasa á vellinum.

Vallargrös eru ræktað á fíngerðum sandmoldarjarðvegi sem loftar hæfilega um heilbrigt og sterkt rótarkerfi plantnanna. Þessi þökugerð hentar vel í garða, skrúðgarða og á skólalóðir eða á grassvæði sem eru undir miklu álagi og þar sem vilji er fyrir þéttum og glæsilegum grassverði eins og á knattspyrnuvelli. Þegar að við afhendum þessa nýjung okkar þá er grasið í góðu ástandi og laust við allan mosa.

Sláttuþörf: Boltasvæði þarf að slá oft og jafnvel á 5 -7daga fresti. Það er slegið í 3-5 sm sláttuhæð og lítur út eins og vel hirt grasflöt þegar búið er að leggja torfið.

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

7

LYNGÞÖKUR

Lýsing: Lyngþökur eru skornar af lyngmóa. Gróður þeirra samanstrendur af venjulegum íslenskum lyngmóagróðri s.s. ýmsum mosategundum, smávöxnum grastegundum og stökum blómgróðri eins og t.d. Blóðbergi, Ljónslappa og Hvítmöðru auk Krækilyngs, Beitilyngs og oftast Bláberjalyngs. En gróður lyngþaknanna getur verið mjög mismunandi eftir því hvar þær er að fá í það og það skiptið. En eitt eiga þær þó sameiginlegt: Það er það, að ef tryggja á bestan árangur þarf að huga vel að tímasetningu. Oftast lukkast að flytja lyngþökur snemma á vorin (apríl-maí) eða seint á haustin (sept-okt). Yfir hásumarið (jún-ág) er rótavirkni gróðursins í lágmarki en yfirvöxtur, blómgun og fræmyndun í hámarki. Þess vegna er meiri hætta á að þökurnar þorni upp og skrælni ef þær eru lagðar um hásumarið. Á haustin, hinsvegar, er rótastarfsemin í hámarki og því mestar líkur á að þökurnar „taki sig“ og aðlagist nýju umhverfi. Snemma vors eru þær í “hlutlausum gír“.

Notkun: Lyngþökur henta ekki í garða þar sem líklegt er að umgangur verði mikill – en geta komið sér vel þar sem þær eiga við s.s. á rask við sumarbústaðalönd og umhverfismannvirki þar sem færa þarf gróðurþekju til upprunalegs horfs. Einnig er hugsanlegt að nota lyngþökur sem yfirborð á flötum húsþökum. Lyngþökur þarf að skera þykkari en aðrar þökur og þær eru nokkuð ómeðfærilegri. Það útskýrir einnig að þær eru dýrari í aðföngum. Lyngþökur þarf ávallt að leggja á magran, sandblandaðan holtajarðveg eða hreinan sand. Nauðsynlegt er að vökva þær viðstöðulaust alla daga þar til þær hafa náð að róta sig vel ofan í undirlagið.

Sláttuþörf: Engin.

Svona gerum við

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

8

ÚTHAGAÞÖKUR

Lýsing: Úthagaþökur eru skornar af sjálfgrónu valllendi og innihalda einungis íslensk grös og blómplöntur. Þær henta alls staðar þar sem áhersla er lögð á náttúrulegan frágang sem ekki kallar á viðhald eftir að þær hafa náð rótfestu. Megin grastegundirnar eru íslenskur Ilmreyr, Túnvingull og Blávingull, Hálíngresi og Týtulíngresi. Íslenskur blómgróður svo sem Blóðberg, Möðrur og Murur fylgir oftast með.

Notkun: Henta t.d. við sumarbústaði og í fólkvöngum sem og hvarvetna þar sem koma þarf umhverfisraski vegna mannvirkjagerðar aftur í upprunalegt horf. Úthagaþökur þarf að leggja á sand og þær hafa enga þörf fyrir áburð – þótt auðvitað megi skerpa á þeim með léttri áburðargjöf (um 1g/fm) snemma vors. Úthagaþökur henta mun betur á grasþök húsa en venjulegar gras- eða túnþökur vegna þess að grastegundirnar í úthagaþökunum eru miklu þurrkþolnari og gera minni kröfur um næringu.

Sláttuþörf: Engin – en ef vill má slá einu sinni seinni part sumars.

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

9 Umhirðulétt gras

Lýsing: Umhirðulétt gras er blanda af grastegundum sem þurfa lítið af öllu; slætti, áburði og vökvun. Blandan er þurrkþolnar smágerðar grastegundir; þ.e. túnvingull, vallarsveifgrös og hálingresi sem eru með gott rótarkerfi.

Umhirðulétt gras nægir einn sláttur ef það er óáborið. Ef borinn er á hálfur skammtur af þeim áburði sem að þið hafið vanist til þessa þá þarf sennilega að slá 2-3 yfir sumarið. Grasið er slegið um og yfir ca 10 cm hæð niður í 6 cm. Slegið er í júní, júli og ágúst en eftir það er grasið látið eiga sig.

Miða skal sláttutíðni út frá vaxtarhraða (ekki dagatalinu) en vextinum er stýrt með áburðargjöf. Slátturinn á að eiga sér stað þegar grasið er í réttu lengdinni. Varast ber að slá grasið neðarlega svo það haldi besta útliti og alls ekki að snoða svörðinn.

Lágvaxinn túnvingull

Lágvaxið vallarsveifgras



Hávaxið vallarfoxgras

Ljósmyndari: Lauri Dammert.

Túnvingul má sjá lengst til vinstri hér að ofan. Myndin er tekin í tilraunareit sem varð rúmlega 30 cm hár og grasstráin um 20 cm á hæð. Túnvingull þekkist á því að blöðin eru þráðlaga og samanlögð. Neðstu blaðslíðrin eru oft rauðbrún á lít.

Svona gerum við

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

9

Túnvingull vex í margskonar gróðurlendi og hentar á þurrum og næringarsnauðum stöðum. Hann þolir vel slit og er notaður í skrúðgarðaflatir og í fótboltagrasblöndur.

Vallarsveifgras – Poa pratsensis. Blöðin eru 3-5 mm flöt með totuoddi og snörp. Puntur er egglaga grænn eða lítið eitt bláleitur.

Plantan er með skriðula regla og er það gott tegundareinkenni. Vex bæði í ræktuðu og óræktuðu landi. Vallarsveifgras finnst í flóru Íslands og vex um allt land. Þessa tegund er erfitt að rækta – fræin spíra illa og það þarf að vera minnst 7 stiga hiti í 3 vikur.

Tegundin vex hægt fyrstu árin og það er háð dyntum veðráttunnar hvernig tekst til. Vallarsveifgrös eru með sterkustu grastegundunum, er með sterkaskasta rótarkerfið og getur endurnýjað sig og þétt sig betur en nokkuð annað gras. Það hentar því í skrúðgarða, íþróttavelli, vegkanta og á stærri grassvæði.

Umhirðulétt gras borgar sig.
Nota má túnvingul og vallarsveifgras annað hvort einar sér eða saman til þess að mynda náttúruleg grassvæði sem geta verið hvort sem er óslegin eða slegin. Við að nota lágvaxnari tegundir þá minnkar sláttukostnaður – sérstaklega í samanburði við fóðurgrösin.

Ef vel tekst til með umhirðulétt gras þá getur sláttukostnaður minnkað um 60 -70 % og svæðið lítur alltaf betur út. Gott viðmið er að slá í grasið í 7-10 cm sláttuhæð.

Hæðin á fóðurgrösum, öðru nafni túngrösum, er allt að 1–1,5 metrar. Blaðmassinn er mikill og vöxturinn líka. Hér fyrir neðan eru 2 myndir sem sýna muninn glögglega.

Svona lítur umhirðulétt gras út að vori hafi það ekki verið slegið árinu áður.

Svona lítur dæmigert fóðurgras út að vori hafi það ekki verið slegið árinu áður.

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

10 Um túnþökur - með gátlista fyrir kaupendur

Túnþökur eru ódýrasti flokkurinn af torfi. Flestir þökusalar selja túnþökur af gömlum túnum með grófum grösum eins og vallarfoxgrasi, háliðagrasi og jafnvel snarrót.

Hafa ber í huga að þessar ódýru tegundir þurfa oft dýrt viðhald og geta því orðið langtíma vandamál vegna illgresis og fl.

Það er nauðsynlegt fyrir kaupendur að kynna sér hvaða grastegundir eru ráðandi í túnþökum. Það borgar sig að gera þá könnun áður en búið er að leggja þökurnar.

Okkar túnþökur eru mest túnvingull og vallarsveifgras, þ.e. uppskerumestu afbrigðin af þessum tegundum. Mosi og annað illgresi er í lágmarki. Í okkar túnþökum er aldrei snarrót.

Hægt er að nota túnþökur á flest græn svæði, lóðir, útivistarsvæði í þéttbýli. Sláttuþörf er á 4-8 daga fresti og sláttuhæð 5-7 cm.

Á vefsíðu torf.is er ítarefni um túnþökur, hvað ber að varast við val á þökum og hvernig er hægt að bera saman gæði og eiginleika torfs. Á næstu blaðsíðum er gátlisti til upplýsingar fyrir kaupendur torfs almennt.

Svona gerum við

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

10 Um túnþökur - með gátlista fyrir kaupendur

Vallarfoxgras

Phleum pratensis og aðrar hávaxnar grastegundir

Lýsing: Blöðin mjúk og breið 4-12 mm. Smáöxin eru stuttleggjuð axpunktur og mynda þétta, græna, langa og sívala blómskipun og kalla Danir kalla axið stundum rottuhala. Stráin eru gróf og upprétt. Lýsing Íslensk flóra. *(Ágúst Bjarnason)*



Vallarfoxgras sem ekki hefur fengið mikinn áburð. Ljósmyndari Lauri Dammert.

Vallarfoxgras er ein aðal fóðurgrastegundin í landbúnaðinum. Hún er upprunalega innflutt en hefur breiðst út um allt land og telst nú til íslensku flórunnar.

Vallarfoxgras gefur gríðarlegan blaðmassa og getur orðið allt að 1,5 m hátt. Vallarfoxgras getur gefið yfir 30 m3/he af samanþjöppuðu þurru heyi í uppskeru. Þetta er afkastamesta grastegundin sem við notum hér á landi og algengasta – og því innihalda flestar túnþökur vallarfoxgras, þ.e. séu þær skornar af gömlum fóðurtúnum.

Með árunum dregur úr uppskeru vallarfoxgrasanna á túnum. Vallarfoxgrasið er lífsseigt og það tekur marga áratugi áður en að það hverfur alveg úr grassverðinum eins og þið sjáið á myndinni til hægri.

Þegar vallarfoxgrasið gengur úr sér drepst það í flekkjum og fyrst þar sem vaxtarskilyrðin eru erfiðust. Það er því algengt að sjá flekki af smágrösum í gömlum vallarfoxtúnum og getur það átt við um helming grasflatarins.

Þegar skornar eru þökur af slíkum túnum verða svæðin sem verið er að þökuleggja líka flekkótt. Þessi flekkir sjást ekki fyrst í stað þeir koma í ljós síðar, þar sem að vallarfoxgrasið vex 4 sinnum hraðar en það smágerða og það er eitthvað sem að fæstir vilja.

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

10 Um túnþökur - með gátlista fyrir kaupendur

Sé Vallarfoxgras valið þá grasið alltaf grófgert og hentar ekki á grassvæði sem eru slegin oft. Þökurnar eru hins vegar ódýrar í upphafi en umhirðan kostnaðarsöm.

Erlendis seljast ekki þökur af úr sér gengnum túnum sem eru farin að gefa lélega uppskeru. Þannig túnþökur teljast til illgresis.

Smávaxið gras með brúsk af vallarfoxgrasi hægra megin, það er kröftugra og vex hraðar en smávaxna grasið. Ljósmyndari Lauri Dammert.

Þökusalar erlendis selja hins vegar sérræktað gras – þ.e. gras sem er slitþolið og hefur fallega áferð og hægt að slá í mismundandi sláttuhæðir.

Ýmsir óboðnir gestir fylgja Vallarfoxgrasi. Hér er túnfífill í gömlu vallarfoxtúni. Ljósmyndari Lauri Dammert

Við höfum tekið eftir því að fífill verður sérstaklega kröftugur í vallarfoxgrasi aðaluppskerugrasi. Sé horft á gömul tún sem að eru tekin úr slætti virðast þau gott umhverfi fyrir fífil. Fífillinn sáir sér með fræjum sem alltaf eru til staðar. Eitrun virkar illa á fífil og er skammtímalausn því að hann sáir sér strax aftur ef að aðstæður leyfa.

Annað illgresi eins og arfi og njóli og plöntur með þungu fræi sem svífur ekki verða því staðbundið vandamál sem hægt er að leysa með slætti eða eitrun. Ef svæðin verða ljót þegar verið er að gera þau náttúruleg þá má hvenær sem er snúa þróuninni við með áburðargjöf og fullri umhirðu. Ekkert er óafturkræft ef rétt vinnubrögð eru notuð.

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

10 Um túnþökur - með gátlista fyrir kaupendur

Vöxtur plantnanna er háð því að nægjanlegt áburðarmagn sé til staðar og þannig að plönturnar eigi greiða leið að plöntunæringarefnum í gróðurlaginu efstu 30 sm jarðvegsins. Til þess að grassvörðurinn sé þéttur og grasgrænn þarf áburðargjöfin að miða við það að jarðvegssýni séu tekin og magn á áburði miðast við næringarástand jarðvegs.

Mikilvægt er að fóðurgrasplöntur fái nægjanlegt magn af köfnunarefni. Rannsóknir sýna að arfi minnkar fái grasið nægilega mikið af köfunarefni, enda þrífst gras betur þegar að köfnunarefnisgjöf er aukin. Samkvæmt upplýsingum frá landgræðslunni virðist það vera ágætis skammtur 150 – 200 kg fyrir úthaga. Þessi áburðarskammtur örvar vöxtinn en skapar ekki mikinn grasvöxt.
Ef slættinum er hætt skyndilega þá verður mikill blaðmassi til vegna næringarinnar sem að var í grassverðinum og svæðin verða mjög óræktarleg þar til þau fara aftur í náttúrulegt jafnvægi. Svæðin eru mjög ljót þangað til þau ná náttúrulegu jafnvægi sem tekur mismörg ár eftir jarðvegsgerð. Þar sem næringarríkur moldarjarðvegur er til staðar tekur þetta lengstann tíma.

Sáning meðfram vegi, sennilega með uppgræðslubliöndu.

Oftast er gras á slegið of snöggt, við þær aðstæður verður vöxtur grassins of lítil. Tryggja þarf nægjanlegt magn laufblaða til að blaðgræna frumanna geti unnið að úr sólarljósinu þá orku sem að þarf til að tryggja vöxt. Snöggur sláttur veikir rótarkerfið, því að ræturnar sækja síður djúpt niður í gróðurlagið og vöxtur minnkar. Grasið þolir síður þurratímabil.

Þetta verður til þess að grasið er ekki jafn samkeppnishæft og arfi og illgresi sem að getur náð sér á strik við þessar aðstæður. Tilraunir hafa sýnt fram á að tíðari sláttur veldur aukningu á gróðurlausum blettum í sverðinum (sjá mynd hér fyrir ofan).

Snemma á vextinum í júní mynda grös fræ. Eftir það ber á lengdarvexti á plöntunni og þegar búið er að mynda fræin þá fer orka plöntunnar í að þroska fræ þess. Lítill sem enginn vöxtur er í hliðarsprotum og lítið ber á nývexti úr blaðöxlum. Gætið þess að slá ekki neðan við blaðöxl plönturnar til að hamla ekki nývexti.

Svona gerum við

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur

10 Um túnþökur - með gátlista fyrir kaupendur

Algengt er að verklýsingar fyrir grösum í vegkanti séu á þá leið að nota skuli “Túnvingul Leik og Vallarsveifgras Fylking” þ.e. plöntutegundir sem hafa einnig verið vinsæl fóðurgrös.

Túnvingull Leik er ein stærsta og grófgerðast tegund af túnvingul sem vex hér á landi.

Fylking hefur breið blöð gisinn svörð og gefur mikla uppskeru.

Þessi verklýsing á best við þar sem að vegur sker í sundur akurlendi og fellur þá vegurinn betur í umhverfi sitt ef að uppgræðslublöndunni er sáð meðfram vegköntum.

Sáning meðfram vegi, sennilega með uppgræðslubliöndu.

Mikilvægt er að skilgreina í verklýsingum hvaða grastegundir mega ekki vera í torfi og nauðsynlegt er að flokka grófustu fóðurgrösin undir illgresi, því þau eru mikið meira áberandi heldur en illgresi.

Við erum orðin svo vön ljótum grasflötum að við teljum það alveg sjálfsagðann hlut. Sú hugsun breytist vonandi með aukinni fræðslu um hvaða grastegundir eru í boði og kosti þeirra og galla.

TORF

Svona gerum við

© 2011, Guðmundur Þór Jónsson, garðyrkjufræðingur